



TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



ÁLAGNINGARPRÓSENTUR, AFLÆTTIR OG GJALDSKRÁR 2019.

Gildir frá og með 1. janúar 2019. Tálknafjarðarhreppur

1. Útsvar; 14,52%.

2. Fasteignaskattur;

A - 0,50 % af fasteingamati; íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

B – 1,32% af fasteignamati; Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

C – 1,65% af fasteignamati; Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu, allra annarra fasteigna með tilheyrandi lóðum, þó að undanskildum.

3. Lóðarleiga; 2,5% af fasteignamati lóða í eigu sveitarfélagsins. Þó getur sveitarstjórn ákveðið annað leiguhlutfall eða álagningu í krónutölu á hvern fermetra lóðar við sérstakar aðstæður.

4. Vatnsgjald; 0,35% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Vatnsgjald eigna sem falla undir C lið er 0,6% af fasteignamati. samkvæmt ákv. 6. gr. laga nr. 32/2004

5. Tengigjöld í Vatnsveitu Tálknafjarðarhrepps er samkvæmt sérstakri gjaldskrá.

6. Holræsagjald (fráveitugjald); 0,4% af fasteignamati húss og tilheyrandi lóðar.

7. Sorphirðu- og sorpeyðingargjöld skv. sérstakri gjaldskrá.

Gjalddagar liða nr. 2, 3, 4, 7 og 9 eru 1/2, 1/3, 1/4, 1/5, 1/6, 1/7 og 1/8. 2018. Þar sem fasteignagjöld verða samtals kr. 25.000 eða lægri skal þó aðeins vera einn gjalddagi þann. 1. febrúar 2019. Eindagi er síðasti virki dagur í sama mánuði og gjalddaga. Fasteignaeigendum 67 ára og eldri og öryrkjum 75% og meira, sem búa í eigin íbúðarhúsnæði, skal veittur afsláttur af fasteignaskatti og holræsagjaldi af viðkomandi íbúðarhúsnæði skv. reglum samþ. af sveitarstjórn.

8. Hundaleyfisgjald er samkvæmt sérstakri gjaldskrá.

9. Byggingarleyfisgjöld, afgreiðslu-, úttekta og mælingagjöld skipulags- og bygginganefndar og skipulags- og byggingafultrúa leggjast á skv. sérstakri gjaldskrá.

Að öðru leyti gilda lög um tekjustofna sveitarfélaga og gjaldskrár um viðkomandi tekjuliði. Samþykkt þessi um álagningarprósentur, afslætti og gjaldskrár skal birt á hefðbundnum auglýsingastað ákvarðana hreppsnefndar.

Tálknafjörður, 13. desember 2018.

Bryndís Sigurðardóttir sveitarstjóri